

REGLUGERÐ

um breyting á byggingarreglugerð nr. 441/1998.

1. gr.

Lokamálsliður greinar 37.4. orðast svo: Skál slík staðfesting liggja fyrir áður en byggingarleyfi er gefið út.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 37. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 21. desember 2001.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um Bókmenntakynningarsjóð.

1. gr.

Hlutverk Bókmenntakynningarsjóðs er að stuðla að sem víðtækastri kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis og greiða fyrir útgáfu þeirra með því að úthluta þýðing-arstyrkjum, hafa umsjón með þátttöku Íslands í erlendum menningarviðburðum og alþjóð-legum samskiptum á sviði bókmennta.

2. gr.

Til þess að gegna hlutverki sínu skal Bókmenntakynningarsjóður, eftir því sem fjár-heimildir leyfa:

Veita þýðendum íslenskra bókmennta á önnur tungumál ferðastyrki til að heimsækja Ísland og standa að ráðstefnum og vinnufundum þýðenda hér á landi.

Veita íslenskum rithöfundum ferðastyrki til að kynna verk sín erlendis.

Láta vinna kynningarefni á erlendum tungumálum.

Hafa umsjón með kynningu íslenskra bókmennta á erlendum bókmenntahátíðum og vera í samstarfi við sambærilegar stofnanir erlendis.

Halda úti tölvugagnabanka til hagræðis fyrir kynningarstarf sitt innan lands og utan og semja um aðgang að gagnabönkum sem tengjast verkefnum sjóðsins.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru árleg fjárveiting á fjárlögum og aðrar tekjur er sjóðnum kunna að hlotnast.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn. Einn skal tilnefndur af Rit-höfundasambandi Íslands, einn af Félagi íslenskra bókaútgefenda, en formaður skal skip-

aður af ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Stjórnina skal skipa til þriggja ára í senn. Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna.

5. gr.

Sjóðstjórn auglýsir eftir umsóknum og úthlutar úr sjóðnum a.m.k. einu sinni á ári. Stjórnin tekur endanlega ákvörðun um val á verkum og verkefnum sem hún styrkir. Sjóðstjórnin gerir framkvæmdaáætlanir fyrir hvert ár.

6. gr.

Sjóðstjórn getur með heimild menntamálaráðuneytisins rekið skrifstofu og ráðið starfsfólk eftir því sem fjárráð leyfa til þess að vinna að verkefnum sjóðsins, rekið skrifstofuna í samvinnu við aðra eða samið við félagasamtök sem aðild eiga að sjóðnum um að annast rekstur hans. Einnig er stjórninni heimilt að taka að sér fleiri verkefni sem tengjast kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis svo framarlega sem kostnaður verði greiddur og það bitni ekki á verkefnum sjóðsins. Sjóðurinn annast eigin fjárreiður og vörslu sjóðsins eða felur það öðrum.

7. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi reglur nr. 456/1982 um kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis.

Menntamálaráðuneytinu, 17. desember 2001.

Björn Bjarnason.

Örlygur Geirsson.

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Tilgangur samþykktar þessarar er að tryggja sem best eftirlit, skipulag og stjórn búfjárhalds í Ísafjarðarbæ, koma í veg fyrir að gróðurlendi sé spillt og ágang búfjár á lóðir í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins. Ennfremur að hafa eftirlit með að hús fyrir búpening og önnur aðstaða sé þrífaleg og vel við haldið, í samræmi við lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991, með síðari breytingum og ákvarðanir bæjarstjórnar á hverjum tíma.

Bæjarstjórn getur falið landbúnaðarnefnd bæjarins framkvæmd málaflokksins.

2. gr.

Búfjárhald í Ísafjarðarbæ, utan lögbýla, er óheimilt án leyfis bæjarstjórnar.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjárhalds skal senda skriflega umsókn til bæjarstjórnar. Í umsókninni skal tilgreina tegund búfjár, fjölda þess og húsakost. Ennfremur skal fylgja umsókninni staðfesting á aðgengi að hagagöngu og beitolandi, eftir því sem við á.

Óheimilt er að veita leyfi til búfjárhalds nema á svæðum sem skipulögð eru undir búfjárhald.